

Skýrsla stjórnar vegna aðalfundar 30. október 2020.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga voru stofnuð formlega 26. september 2012.

Aðildarsveitarfélög eru 26:

- | | |
|----------------------------|---------------------------------|
| 1. Akranesbær | 15. Langanesbyggð |
| 2. Akureyrarkaupstaður | 16. Suðurnesjabær |
| 3. Bolungarvíkurkaupstaður | 17. Seyðisfjarðarkaupstaður |
| 4. Borgarfjarðarhreppur | 18. Snæfellsbær |
| 5. Dalvíkurbyggð | 19. Stykkishólmsbær |
| 6. Djúpavogshreppur | 20. Súðavíkurhreppur |
| 7. Fjallabyggð | 21. Sveitarfélagið Hornafjörður |
| 8. Fjarðabyggð | 22. Sveitarfélagið Skagafjörður |
| 9. Grindavíkurbær | 23. Sveitarfélagið Skagaströnd |
| 10. Grundarfjarðarbær | 24. Sveitarfélagið Ölfus |
| 11. Grýtubakkahreppur | 25. Tálknafjarðarhreppur |
| 12. Hörgársveit | 26. Vestmannaeyjabær |
| 13. Ísafjarðarbær | 27. Vesturbyggð |
| 14. Norðurþing | 28. Vopnafjarðarhreppur |

Tilgangur samtakanna er þessi m.a., sbr. samþykktir félagsins:

- að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar í veiðum og vinnslu.
- að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. við gerð laga og reglugerða sem varða sjávarútveg og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.
- að taka þátt í mótun reglna um gjaldtöku vegna nýtingar sjávarauðlindarinnar og skiptingu á því gjaldi milli ríkis og sveitarfélaganna, ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar.
- að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn.
- að hvetja til atvinnuþróunar og nýsköpunar í greininni.

Starfsemi samtakanna 2018-2020

Núverandi stjórn samtakanna var kjörin á síðasta aðalfundi sem fór fram 10. október 2018.

Í henni sitja:

Aðalstjórn

Gauti Jóhannesson, Djúpavogi, formaður.

Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð.

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvík.

Liv Aase Skarstad, Akraneskaupstað.

Fannar Jónasson, Grindavík.

Í varastjórn:

Karl Óttar Pétursson, Fjarðabyggð.

Guðbjörg Bergmundsdóttir, Súðavíkurbhreppi.

Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin fundað alls tólf sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess tekið þátt í heimsóknum og viðburðum auk þess að koma fram í fjölmiðlum tengt starfi samtakanna.

Á fundi 10. október 2018 skipti stjórn með sér verkum.

Fundur var haldinn 9. nóvember 2018. Þá var fjallað um starfsáætlun stjórnar og tillögu Bolungarvíkurkaupstaðar að aðgerðum vegna línuívilnunar. Einnig var gerð grein fyrir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um veiðigjald.

Næst var fundað 15. janúar 2019 þar sem áfram var fjallað um veiðigjöld og línuívilnun. Einnig var rætt um starfsáætlun stjórnar.

Á fundi 29. mars 2019 var áfram fjallað um starfsáætlun stjórnar og línuívilnun. Einnig var samþykkt að leggja fram sameiginlega umsögn um frumvarp um töku gjalds vegna fiskeldis og stjórn fiskveiða með Sambandi ísl. sveitarfélaga. Einnig var gengið frá inngöngu Akureyrarbæjar í samtökin. Fundað var næst 15. maí þar sem starfsáætlun var samþykkt. Einnig var tekin fyrir bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna loðnubrests. Ákveðið var að taka tilboði frá RR ráðgjöf vegna mats á áhrifum línuívilnunar og jafnframt að óska eftir fundi með formanni starfshóps um aflaheimildir á forræði ríkisins.

Fundur var haldinn 21. ágúst þar sem lagt var fram minnisblað um áhrif loðnubrests á sveitarfélög. Í framhaldinu var ákveðið að boða fulltrúa umræddra sveitarfélaga til fundar við stjórn. Einnig voru lögð fram drög að skýrslu um mat á áhrifum línuívilnunar. Kynnt var minnisblað um dagskrá sjávarútvegsfundar og greint frá samráðsfundi starfshóps um endurskoðun og meðferð á aflaheimildum sem ríkið hefur forræði yfir.

Á fundi stjórnar 2. október 2019 var lagt fram minnisblað um áhrif loðnubrests á afkomu sveitarfélaga. Fulltrúum frá þeim sveitarfélögum sem urðu fyrir mestum áhrifum af loðnubresti, þ.e. Fjarðabyggð, Langanesbyggð, Sveitarfélaginu Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Vopnafjarðarhreppi var boðið að sitja þennan dagskrárlið fundarins. Einnig var lögð fram skýrsla unnin af RR ráðgjöf um mat á áhrifum línuívilnunar auk þess sem unnið var að undirbúningi Sjávarútvegsfundar sem fram fór sama dag. Farið var yfir drög að reglugerð um skeldýrarækt og drög að reglugerð um gerð strandsvæðaskipulags. Stjórn var sammála um að koma á fastmótuðu vinnulagi með Sambandi ísl. sveitarfélaga við gerð umsagna er varða sjávarútvegsveitarfélög þannig að þær umsagnir séu unnar í samráði við stjórn samtakanna.

Næst var fundað 25. nóvember og lögð fram bókun um áhrif loðnubrests á sveitarfélög. Einnig gerði formaður grein fyrir fundi með Hafnasambandinu og SFS vegna gjaldtöku í höfnum. Auk þess var fjallað um vinnulag vegna umsagna og ákveðið að koma þeim í formlegan farveg.

Á fundi 11. mars gerði formaður grein fyrir fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um loðnuleit. Auk þess var farið yfir sameiginlega umsögn með Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna aflaheimilda á forræði ríkisins og samning um skrifstofuþjónustu við sambandið. Hafinn var undirbúningur fyrir aðalfund 2020 auk þess sem formaður greindi frá fundi með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Hafnasambandi Íslands um samræmd viðmið um gjaldtöku í höfnum vegna fiskeldis. Stjórn fundaði 26. mars 2020 þar sem lögð var fram bókun vegna áhættumats Hafrannsóknarstofnunar vegna fiskeldis.

Á fundi 8. maí var fjallað um breytingu á reglugerð um grásleppu þar sem lögð var áhersla á að ákvarðanir séu sem mest teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila og með nægum fyrirvara og þannig forðast að rekstarhæfi lítilla útgerða sé stefnt í voða.

Síðasti fundur stjórnar var haldinn 9. október þar sem undirbúningur aðalfundar var meginefnið.

Af ofanrituðu er ljóst að í mörg horn hefur verið að líta hjá stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá því síðasti aðalfundur var haldinn og verkefnin fjölbreytt. Stjórnin þakkar aðildarsveitarfélögunum og Sambandi ísl sveitarfélaga fyrir gott samstarf.

Að lokum er vakin athygli á að allar fundargerðir stjórnar auk ýmissa annarra upplýsinga varðandi starfsemi samtakann er að finna á heimasíðu þeirra www.sjavarutvegssveitarfelog.is